| Kennari | Guðrún Jónsdóttir<br>Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir | Sk.st. | GJÓ<br>HRS |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í þessum fyrsta áfanga í uppeldisfræði er lögð áhersla á kynningu á fræðigreininni uppeldis- og menntunarfræði, fjallað um sögu og hagnýtingu. Hugtakið uppeldi er tekið til umræðu og gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag. Mismunandi viðhorf til mannlegs eðlis eru skoðuð í ljósi mismunandi viðhorfa til uppeldis og menntunar í Evrópu síðustu aldir.

Nemendur kynnast hugmyndafræði og uppeldisaðferðum nokkurra þekktra uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á uppeldis- og skólastarf í Evrópu. Þeirra á meðal eru Rousseau, Pestalozzi, Fröbel, Montessori og Dewey.

Fjallað er um þroskaferil barna/unglinga. Áherslur m.a. á þróun sjálfsins, vitsmuna-, siðgæðis- og félagsþroska barna og unglinga. Mikilvægt er að nemandinn fái þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum við að leita upplýsinga, vinna úr gögnum, kynna niðurstöður skriflega og/eða munnlega einnig er lögð áhersla á hópavinnu.

## Markmið:

- Fjallað verður um uppeldisfræði í sögulegu ljósi, ágrip af sögu uppeldis og menntunar.
- Fjallað verður um helstu kenningar og höfunda þeirra.
- Fjallað verður um börn í nútíma samfélagi, samskipti foreldra og barna, hjónaskilnaði og fl.

## Námsgögn:

Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir: *Uppeldi, kennslubók fyrir framhaldsskóla*, 2006. Mál og menning. Kaflar: 1 - 5. **Annað kennsluefni** afhent í tíma. **Kennslutilhögun:** Fyrirlestrar, myndbandssýningar, umræður og verkefni.

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | Námsefni (bóklegur hluti) | Verkefni |
|---|---|---|
| 2 | Farið yfir kennsluáætlun – Kynning á áfanganum | |
| 2 - 4 | 1. kafli: Uppeldi – uppeldisfræði | Verkefni 5% |

| | | |
|---|---|---|
| 4 - 6 | 2. kafli: Uppeldi og menntun í aldanna rás | Verkefni 10%<br>Próf (15%) |
| 7 - 9 | 3. kafli: Þroskaferill barnsins | Verkefni 5%<br>Tilraun 5% |
| 9 - 10 | Kynningarverkefni: Grein úr Uppeldi (val) | Verkefni 10% |
| 11 - 12 | 4. kafli: Kynhlutverk og uppeldi | Verkefni 10%<br>Próf (15%) |
| 13-14 | Páskafrí | |
| 14 | Rannsókn á dagvistun barna (leikskóli, dagforeldri, frístundastarf í grunnskóla) | Heimsókn + skýrsla 15% |
| 15 | 5. kafli: Samskipti foreldra og barna | Verkefni 10% |
| 16 - 18 | 13. kafli: Hjónaskilnaðir | Próf (15%) |

## Námsmat og vægi námsþátta:

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Skriflegt | Verkefni á önninni (Kynningarverkefni, skýrsla og tímaverkefni, sjá vægi í áætlun um yfirferð) | 70% |
| Próf | 3 próf á önninni (2 bestu gilda til einkunnar, 15% hvort). | 30% |

Verkefnaskil:

- Verkefni skal vinna af vandvirkni.
- Verkefni skal skila á tilsettum tíma.
- **Skila þarf öllum verkefnum.**

**Birt með fyrirvara um breytingar.**

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**